

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Byggðaáætlun 2006–2009 var samþykkt á Alþingi 3. júní 2006. Frá því að hún var samþykkt hafa orðið til 9,8 ný störf hjá félagsmálaráðuneytinu og stofnunum þess á landsbyggðinni. Í janúar 2007 urðu til 9 störf á Hvammstanga þegar skrifstofa Fæðingarorlofssjóðs tók þar til starfa. Starfsemin fór áður fram í Reykjavík. Störfum hjá Fjölmeningarsetri, sem er á Ísafirði, fjölgaði um 0,8 á árinu 2006.

Með nýgerðum samningum við Akureyrarkaupstað og Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlaða áætlað ráðuneytið að störfum hjá Akureyrarkaupstað og byggðasamlaginu fjölgi um 12–15 á árunum 2007–2009.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Í apríl 2007 mun hluti af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs flytjast frá Reykjavík til Skagastrandar. Þangað flytjast 6–8 störf.

Í tengslum við átak ráðuneytisins til að bæta þjónustu og fjölga búsetuúrræðum fyrir geð-fatlað fólk áætlað ráðuneytið að störfum á landsbyggðinni fjölgi um 20–25 á árunum 2007–2010. Þessi nýju störf verða bæði hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra og sveitarfélögum sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningum við ráðuneytið.